

Reglur Fræðslusjóðs Sjúkraliðafélags Íslands

1. gr.

Sjóðurinn heitir Fræðslusjóður Sjúkraliðafélags Íslands. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík. Fræðslusjóðurinn er settur á stofn og starfar á grundvelli bókuar í kjarasamningum fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar annars vegar og Sjúkraliðafélags Íslands hins vegar.

Fræðslusjóðurinn starfar með því skipulagi og skv. þeim markmiðum sem segir í reglum þessum. Stjórn sjóðsins skal setja sér nánari starfsreglur í samræmi við markmið hans.

2. gr.

Markmið Fræðslusjóðsins er að stuðla að markvissri símenntun og starfsþróun sjúkraliða til að takast á við ný og breytileg verkefni. Enn fremur að auka möguleika stofnana til að þróa starfsemi sína til samræmis við þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar.

Hlutverk Fræðslusjóðsins er að vinna að þessum markmiðum með því að gera tillögur um fræðslu, taka við og móta nýjar hugmyndir og vera stefnumótandi. Fræðslusjóður sjúkraliða skal styðja stofnanir til framþróunar.

Samstarf við önnur stéttarfélög opinberra starfsmanna eða fræðslusetur/starfsþróunarsjóði er eitt af markmiðum sjóðsins.

Sjóðnum er heimilt að gera samninga um útvistum á verkefnum sínum.

Sjóðurinn skal starfrækja fagråd á starfsviði sínu í samráði við heilbrigðisstofnanir og skapa því aðstæður til að setja fram faglegar áherslur í starfinu og móta framtíðarsýn á viðfangsefnið.

3. gr.

Tekjur Fræðslusjóðs sjúkraliða eru:

- o Framlag er nema skal 0,25% af heildarlaunum félagsmanna SLFÍ, sem starfa hjá ríkinu og Reykjavíkurborg
- o Framlög Starfsþróunarsjóðs SLFÍ samkvæmt reglum hans á hverjum tíma
- o Vaxtatekjur
- o Sjálfsaflafé

Fræðslusjóðurinn tekur þátt í kostnaði við fræðslu starfsmanna og annast um framkvæmd. Fræðslusjóðnum er heimilt að afla tekna með sölu námsefnis eða námskeiða samkvæmt ákvörðun stjórnar.

Fjármuni Fræðslusjóðsins skal ávaxta á þann hátt sem stjórn þess telur hagkvæmastan og öruggan. Reiknisár Fræðslusjóðsins er almanaksárið. Uppsetning ársreiknings og endurskoðun skal gerð af löggildum endurskoðanda.

Fulltrúar stéttarfélagins í stjórn Fræðslusjóðsins skulu tilnefna tvo skoðunarmenn reikninga sjóðsins. Ársreikning skal senda til samningsaðila.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð sex fulltrúum, tveimur fulltrúum fjármála- og efnahagsráðuneytis, einum fulltrúa Reykjavíkurborgar og þremur fulltrúum Sjúkraliðafélags Íslands. Varamenn í

stjórn skulu vera fjórir, tveir frá Sjúkraliðafélagi Íslands, einn frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu og einn frá Reykjavíkurborg. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórnin skal halda gerðabók og rita í hana samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt þarf meirihluti stjórnarmanna að vera henni fylgjandi.

Firmaritun sjóðsins er í höndum allrar stjórnar sameiginlega og prókúrhafi umsýsluaðila fer með prókúru fyrir sjóðinn í samræmi við þjónustusamning og úthlutunarreglur sjóðsins. Stjórnin setur sér nánari reglur um starfshætti og áherslur.

5. gr.

Um önnur ónefnd atriði vísast til kjarasamninga aðila sem í gildi er á hverjum tíma. Breytingar á reglum þessum skulu hljóta samþykki kjarasamningsaðila.

Reykjavík 27. janúar 2021

Stjórn Fræðslusjóðs Sjúkraliðfélags Íslands